



FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur haldinn í gegnum fjarfund mánudaginn

10.mars 2025 kl. 16.

Mætt voru: Kristinn Jónasson, formaður, Finnbogi Leifsson, Steinunn Magnúsdóttir, Emil K Sævarsson, Ómar Örn Kristófersson og Eva Margrét Jónudóttir. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri. Magni Grétarsson boðaði forföll.

1. Fundur settur.

Formaður stjórnar setti fund.

2. Fundargerð síðasta fundar frá 11.des. 2024

Lögð fram og samþykkt.

3. Ársreikningur og umhverfisupplýsingar ársins 2024.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi og skýrslu um umhverfisupplýsingar (áður grænt bókhald) vegna ársins 2024.

Alls voru 15.216 tonn af úrgangi urðuð í Fíflholti á árinu 2024. Timburflís, sem notuð er til yfirlags í urðunarreinum 2.642 tonn. Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði 25% arður af hlutafé til eigenda. Reksturinn ræddur og umhverfisupplýsingar. Áreikningur samþykktur samhljóða, svo og umhverfisupplýsingar ársins 2024.

4. Framkvæmdir og staða í Fíflholtum.

a. Urðunarrein nr. fimm

Lögð fram endurskoðuð verkáætlun og fundargerðir frá 13.12.24, 15.01.25, 5.02.25 og 5.04.25 og framvinduskýrsla nr. 11 frá Óskataki. Framvinduskýrsla og verkáætlun Óskataks gerir ráð fyrir lengri verktíma, eða út maí n.k. Ekki gerð athugasemd við þá tímasetningu.

b. Fok og hreinsun svæðis.

Jafnt og þétt er unnið að hreinsun svæðis.

5. Þjónustu- og starfsmannahúsnæði

Framkvæmdastjóri greindi frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið við verkefnið.

6. Önnur mál.

a. Dýrahæ

Framkvæmdastjóri greindi frá óformlegri beiðni svínabús um að fá að koma með dýrhæ í Fíflholt til urðunar frá landshlutum sem liggja sunnan við Vesturland. Beiðninni hefur verið neitað, þar sem búið er utan starfssvæðis Sorpurðunar Vesturlands hf.

b. Ísafjarðarbær

Tekin til umræðu fyrirspurn um um hvort úrgangur til urðunar megi áfram koma til Fíflholts og hvort fyrir liggja breytingar í rekstri á næstu árum.

Framkvæmdastjóra falið að svara fyrirspurn Ísafjarðarbæjar í samræmi við umræður fundarins.

c. Aðalfundur

Aðalfundur verður haldinn 26. mars n.k. kl. 13:00 á Hótel Hamri kl. 13:15.

Fundarslit kl. 17:15.

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir